

Hafnarfjarðarbær
Innk: 30.1.2019
Má snr: 1608022
Bréfal: 572



Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta  
Norðurhellur 2  
221 Hafnarfjörður

Selfoss, 28. janúar 2019  
Tilvísun: 2018020053  
SGB/  
Tilv. ykkar: 1608822 JOG

### Efni: Reykjanesbraut, Lækjargata, hringtorg

Vegagerðin biðst velvirðingar á hve seint svar við þessu erindi dags. 7. mars 2018 berst en annað erindi vegna sama vegkafla barst þann 6. mars 2018 og var það lagt fram á fundi yfirstjórnar Vegagerðarinnar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar ítrekar í erindi sínu afstöðu sína um varanlegar úrbætur á gatnamótum Lækjargötu/Hlíðarbergs og Reykjanesbrautar.

Vegagerðin hefur verið í samráði við Hafnarfjarðarbæ vegna nýrra hugmynda um umferðarskipulag til framtíðar á þessum stað. Unnið er að nýrri samgönguáætlun, í drögum að henni er gert ráð fyrir fjármagni til umferðarbóta á Reykjanesbraut í Hafnarfirði.

Í erindinu er ennfremur óskað eftir hraðaminnkandi aðgerðum sunnan hringtorgs við Lækjargötu/Hlíðarberg. Vegagerðin er almennt hlynnt notkun hraðamyndavéla til að sporna við hraðakstri þar sem slys eru tíð. Fyrirhugað er að breikka Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi, suður að nýjum vegamótum við Krísuvíkurveg í samræmi við ný útgefið framkvæmdaleyfi. Jafnframt eru í útboði nú framkvæmdir við breytingar á Reykjanesbraut við Kaplakrika en framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar dags. 13. apríl 2018 fyrir þeirri framkvæmd liggur jafnframt fyrir. Framkvæmdir munu hafa áhrif á flæði og hraða umferðar.

Virðingarfyllst,

Svanur Bjarnason

Svæðisstjóri Suðursvæðis